

3. gr.

1. mgr. Lögreglan annast ljósmyndun og töku fingrafara. Heimilt er að fela sérfróðum mönnum utan lögreglu töku ljósmynda.

2. mgr. Rannsóknalögregla ríkisins getur kveðið nánar á um, hvernig fingraför og ljósmyndir skuli teknar.

3. mgr. Heimilt er að fjölfalda ljósmyndir og fingraför til dreifingar í skrár einstakra lögregluumdæma.

4. gr.

1. mgr. Fingraför og ljósmyndir skulu varðveittar þannig, að óviðkomandi hafi ekki aðgang. Fjarlægja ber úr fingrafara- og ljósmyndaskrár fingraför og ljósmyndir, þegar í ljós kemur að hlutaðeigandi er látinn eða þegar umrædd gögn teljast ekki hafa gildi lengur.

5. gr.

1. mgr. Fingraför og ljósmyndir, sem lögreglan í einstökum lögregluumdæmum tekur, skulu svo fljótt sem auðið er, sendar rannsóknarlögreglu ríkisins til skráningar og geymslu.

6. gr.

1. mgr. Framangreindar reglur skulu einnig gilda um önnur persónuleg gögn, svo sem lófaför, tannkort, o. fl., sem haldnar verða skrár um.

7. gr.

1. mgr. Reglugerð þessi, sem sett er samkvæmt 5. málgr. 32. gr. laga nr. 74 1974 um meðferð opinberra mála, sbr. lög nr. 107 1976, og 5. gr. laga nr. 108 1976 um rannsóknarlögreglu ríkisins öðlast gildi þegar í stað.

Í dóms- og kirkjumálaráðuneytinu, 16. mars 1979.

Steingrímur Hermannsson.

Hjalti Zophoníasson.

AUGLÝSING

um veitingu leyfis til áætlunarflugs.

Samkvæmt heimild í VII. kafla laga nr. 34 21. maí 1964, um loftferðir, hefur samgönguráðuneytið í dag veitt Flugfélagi Austurlands leyfi til reglubundins áætlunarflugs með farþega, vörur og póst, á eftirtöldum flugleiðum, tímabilið 1. maí 1979 til 30. september 1979:

Egilsstaðir — Neskaupstaður — Akureyri — Neskaupstaður — Egilsstaðir.
Egilsstaðir — Neskaupstaður — Höfn — Neskaupstaður — Egilsstaðir.

Leyfi þetta gildir fyrir eina áætlunarferð í viku.

Samgönguráðuneytið, 22. mars 1979.

Ragnar Arnalds.

Birgir Guðjónsson.